

Tillaga til þingsályktunar

um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld.

Flm.: Ólafur Þór Gunnarsson, Björn Valur Gíslason, Álfheiður Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að meta hvort og hvernig hægt væri að gera sveitarfélögum kleift að innheimta umhverfisgjöld.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á 139. löggjafarþingi en var ekki afgreidd. Hún er því endurflutt nær óbreytt.

Víða um hinn vestræna heim hefur á undanförnum árum styrkst sú umræða að umhverfisvitund byrji í nærsamfélaginu. Slík samfélagsvitund sé nauðsynleg þar svo að hún megi verða að því afli sem fær samfélög til að breyta um stefnu í þessum mikilvæga málaflokki.

Margar leiðir hafa verið farnar erlendis til að auka vitund fólks á umhverfisþáttum. Þar má nefna flokkun sorps, takmarkanir á bílaumferð í miðborgum, bílastæðagjöld, mengunarskatta, gjöld sveitarfélaga á bílaeign og svo mætti lengi telja.

Á Íslandi er þessi hugsun fremur skammt á veg komin enn sem komið er. Sum sveitarfélög hafa tekið upp grófa flokkun sorps og í öðrum eru uppi áform um slíkt í mismiklum mæli. Gjaldtaka sveitarfélaga vegna bílaeignar þekkist hins vegar varla nema þá helst í formi bílastæðagjalda og óbeint í formi gatnagerðargjalda. Á hinn bóginn hefur sveitarfélögum ekki tekist að stemma stigu við einkabílanotkun og Ísland er meðal þeirra landa þar sem einkabílaeign er hvað mest á hvern íbúa. Almenningsamgöngur hafa að vissu leyti liðið fyrir þessa stefnu, sem og aðrir umhverfisvænni ferðamátar. Fyrir vikið eru nú á mjög mörgum íslenskum heimilum tveir eða fleiri bílar, sem aftur krefst mikils kostnaðar hjá sveitarfélögunum, bæði í gatnagerð, viðhaldi gatna, landnotkun og annarri mannvirkjagerð tengdri einkabílnum. Loft- og hávaðamengun af völdum bíla er einnig ærin.

Tilgangur tillögu þessarar er að skoðað verði hvort hægt sé að veita sveitarfélögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld. Þar yrði sérstaklega litið til þátta eins og gjalda vegna bílaeignar, notkunar á efnum (orkugjöfum, hreinsiefnum, spilliefnum o.s.frv.) sem hafa skaðleg áhrif á nærsamfélagið og starfsemi sem hefur í för með sér umhverfisáhrif.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á margvíslegri þjónustu við borgarana, sem oft tengist umhverfisþáttum og hönnun nærumhverfis. Landnotkun sem bílaeign krefst er til að mynda mun meiri eftir því sem bílar eru fleiri, án þess að í raun sé mögulegt fyrir sveitarfélögin, við núverandi aðstæður, að bregðast við með gjaldtöku fyrir raunverulega veitta þjónustu eða ívilnun. Með heimild til álagningar umhverfisgjalda væru möguleikar sveitarfélaga til að bæta umhverfið og styrkja gjaldstofna sína í því skyni auknir.